



2. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, miðvikudaginn 19. ágúst 2020.

Fundurinn var haldinn í Vallarhúsi kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL) og Reynir Ingi Árnason (RIÁ)

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK), framkvæmdastjóri
Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH), íþróttafulltrúi
Svava Sigurðardóttir (SS), fjármálafulltrúi

Dagskrá:

1. Yfirferð frá skrifstofu:

- Fjárhagsstaða deilda – Kristrún kynnti fjárhagsstöðu deilda og áhrif COVID.
- Töflugerð – Hanna Björk kynnti stundatöflu haustsins og umræður um hvernig kynningu á henni verði háttað. Taflan er nánast tilbúin og mjög tímanlega miðað við fyrri ár. Kynningarbæklingurinn tilbúin og verður dreift með Mosfellingi í næstu viku.
- Staðan á bókhaldinu – Svava greindi frá stöðu bókhaldsins og framvindu þess fyrir árið
- Afreks og styrktarsjóðir – Komið að næstu úthlutun og mun Kristrún setja inn auglýsingu um umsókn í sjóðina til útgreiðslu í byrjun október.
- Hanna Björk og Svava viku af fundi eftir lið 1.

2. Fréttir frá bænum

- Gámaeiningar sem búningsklefar:
Byrjað að vinna við lagnir og undirstöður vegna fjögurra gámaeininga sem verða staðsettar norðanmegin við Sal 2. Gert er ráð fyrir að aðstaðan verði tilbúin í september.
- Staðan á framtíðarsýn Varmárvæðis:
Beðið eftir viðbrögðum frá Eflu.
- Erindi sem BKJ sendi á bæjarstjóra: Formaður óskar eftir fundi með bæjarstjóra í september til að ræða fjármál í kjölfar COVID.

3. Fjárstyrkur frá ÍSÍ vegna COVID og umsóknir um sértæka styrki – Sigurður Rúnar

Aðalstjórn mun ákveða útdelingu á ÍSÍ styrknum sem hljóðar upp á kr. 8,9 m. fyrir lok þessa ágúst mánaðar.

4. Búningamál - Erla

Erla með sýnieintök af búningum. Ákveðið að taka ekki nýja keppnistreyju að svo stöddu.

5. Formannafundur

Stefnt að formannafundi 26. ágúst.

6. Önnur mál

Farið yfir ályktun blakdeildar er varðar nýja keppnistreyju

Fundi slitið kl.20:00

Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.